

Fróðleiksmolar Endurvinnsla

Flokkun sorps og endurvinnsla er eitt af lykilatriðum í verkefnum Grænna skrefa í starfsemi Reykjavíkurborgar. Úrgangur stuðlar að fjórðungi þeirra 350 þúsund tonna af koldíoxíðsígildi sem er heildarlosun Reykjavíkurborgar, og í loftslagsstefnu Reykjavíkur er lögð áhersla á að draga úr úrgangi. Grænu skrefin stuðla að því að draga úr úrgangi.

Í skrefi 1 þarf að byrja að flokka spilliefni sérstaklega. Einnig er talað um sérflokkun á hvítum skrifstofupappír, en það á eingöngu við ef hvítur pappír fellur til í miklu magni, því það eru verðmæti í því að safna honum sér. Í öðru skrefi verður flokkunin miðlæg og allar smærri ruslafötur, ætlaðar öllu rusli, við vinnustöðvar starfsmanna teknar í burtu til að ýta undir skilvirkari flokkun. Í þriðja skrefi er kveðið á um flokkun í opnum rýmum / almenningsrýmum og þar er einnig komið samtal við birgja um margnota flutningskassa og loks í fjórða skrefi er ætlast til að vinnustaðurinn geri greiningu á því hvar helst sé hægt að draga úr myndun úrgangs og bregðist við því.

Flokkun og úrgangsminnkun byrjar í raun við innkaupin. Besta ráðið til að flokka minna er að kaupa minna, nota minna, prenta báðum megin á pappírinn, endurnýta innkaupapoka, skrifstofuvörur, kassa og fleira. Þegar þörf er á innkaupum fara oftast saman hagkvæm kaup og minni umhverfisáhrif.

Markmiðið með flokkun úrgangs er að draga úr magni þess úrgangs sem fer til förgunar og hækka um leið það hlutfall sem fer til endurvinnslu og endurnýtingar. Ýmsar náttúruauðlindir t.d. skógar, jarðolía, jarðvegur og málmur eru notaðar til að framleiða þær vörur sem við kaupum. Þessar náttúruauðlindir eru ekki óendanlegar. Þegar notuð vara er endurunin er henni breytt í nýja vöru án þess að gengið sé á náttúruauðlindir. Úrgangur er því verðmætt hráefni sem með endurvinnslu kemur aftur inn í hringrás framleiðsluferilsins. Sem dæmi má nefna að þegar áldós fer á urðunarstað og er grafin þar í jörðu ásamt öðru sorpi er hún ekki lengur verðmætt hráefni, þar sem ekki er hægt að nýta álið í henni í nýja dós. Á norðurslóðum er sérstaklega nauðsynlegt að minnka úrgang sem mest, en niðurbrot er afar hægt við aðstæður eins og á Íslandi.

Neysla er einn helsti áhrifavaldurinn um álag á umhverfið, bæði beint, þ.e. þegar framleiðsluvörur eru notaðar, og óbeint, þ.e. vegna framleiðslu varningsins, flutnings hans og förgunar. Álagið ræðst af fólksfjöldanum og neyslumynstri hans, bæði gagnvart vörum og þjónustu. Öll neysla veldur úrgangi en úrgangur er ekkert annað en afgangshráefni, þ.e. eitthvað sem við getum ekki nýtt eða sem við kjósum að nota ekki. Með því að kaupa neysluvarning í magninnkaupum eins og t.d. sykur, hveiti o.fl. er hægt að draga úr magni umbúða sem fara til spillis við notkun vörunnar. Þegar hluti vantar á vinnustaðinn eins og t.d. skrifstofuáhöld, húsgögn og búsaðhöld er gott að skoða hvort hægt sé að nýta hluti sem einhver annar er hættur að nota. Kannski er samstarfsmaður þinn með tvo heftara á borðinu sínu þó hann þurfi bara einn?

Með flokkun til endurvinnslu sköpum við hráefni í framleiðsluvörur og drögum úr urðun og kostnaði við meðhöndlun úrgangs.

Besta leiðin til að minnka sorpmagnið er að hugsa heildrænt.

Hér eru 5 ráð til að draga úr úrgangi:

1. Endurhugsa allt ferlið! – Rethink!

Það þarf að hugleiða hvort virkilega sé þörf á að kaupa vöruna. Kannski er hægt að leigja eða fá lánað sambærilegan hlut.

2. Afbakka! – Refuse!

Taka innkaupapoka með sér út í búð og afpakka plastpoka. Afbakka allt það sem er óþarft, t.d. auglýsingabæklinga.

3. Minnka sóun – Reduce!

Draga úr kaupum á vörum. Kaupa vörur í eins litlum og umhverfisvænum umbúðum og hægt er. Kaupa vörur í magnumbúðum (stærri umbúðum) og skipta niður í smærri einingar heimavið og þannig draga úr þeirri þörf að kaupa margar litlar einingar.

4. Endurnota! – Reuse!

Endurnota eins mikið og hægt er, athuga til dæmis vel, áður en hlut er hent, hvort einhver annar gæti haft not af hlutnum.

5. Gera við! – Repair!

Gera við það sem hægt er og borgar sig að gera við, áður en nýr hlutur er keyptur.

6. Endurvinna! – Recycle!

Endurvinnslan er hér sett í síðasta sætið því að hún er engin endanleg lausn í sjálfu sér. Endurvinnsla er dýrt ferli og eftirspurn eftir hráefni úr endurvinnslu er ekki nægilega mikið, þannig að það safnast alveg eins upp eins og annar úrgangur. Best er alltaf að draga úr úrgangsmýndun.

Með slíkri heildarsýn er hægt að ná góðum árangri í úrgangsmálum og minnka álag á náttúruauðlindir.

Fjölmargar vefsíður og Facebook hópar eru til sem bjóða notaða hluti af öllum stærðum og gerðum til sölu eða gefins hvort sem það er fyrir vinnustaði eða heimili. Hér eru nokkur dæmi:

- Góði Hirðirinn
- Hertex
- Rauði krossinn
- Brask og brall (Facebook)
- Bland
- Barnaloppa
- Extraloppa
- Verzlanahöllin
- Notað og nýtt